

Mál nr. 225/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19. júlí 2022 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 22. ágúst 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 1. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti er atvikum lýst svo að hinn 7. apríl 2021 hafi M orðið fyrir líkamstjóni vegna umferðarslyss. Atvik hafi nánar tiltekið verið þau að M hafi verið að hjóla yfir götu við Hálsabraut í Reykjavík, en þar hafi bifreið staðnæmst fyrir henni. Þegar M hafi lagt af stað yfir götuna hafi bifreiðinni hins vegar verið ekið af stað að nýju og í átt að M, sem við það hafi hrokkið til, snarhemlað reiðhjóli sínu og fallið í götuna. Fyrir liggur að M tilkynnti lögreglu hinn 7. apríl 2021 um að næstum hefði verið ekið á hana kvöldið áður, eða kl. 22.00 hinn 6. apríl 2021, en bifreið sem hafi virst ætla að staðnæmast hafi ekki gert það. Kemur jafnframt fram í tilkynningunni að M hafi ekki upplýsingar um meintan tjónvald, en að bifreiðin hafi verið af tegundinni Toyota Auris. Hinn 8. apríl 2021 leitaði M á heilsugæslu og lýsti atvikum þá svo að tveimur dögum áður hefði hún verið að hjóla niður brekku, bifreið hafi staðnæmst eins og til að hleypa henni yfir götuna en svo skyndilega keyrt í veg fyrir hana. Hafi hún þá hemlað, runnið í mól og fallið. Bifreiðin hafi þá staðnæmst en síðan gefið í og horfið af vettvangi. Þá liggur fyrir tjónstilkynning M til þess vátryggingafélags sem hún var í viðskiptum við á tjónsdegi (X), dags. 26. apríl 2021. Er tjónsdagur þar sagður vera 7. apríl 2021, og atvikum lýst svo að bifreiðin hafi staðnæmst á gatnamótum, M byrjað að hjóla yfir götuna en bifreiðin þá gefið í. Kemur og fram að úlpa M og fótstig á reiðhjóli hennar hafi skemmst við atvikið auk þess sem hún hafi viðbeinsbrotnað. X hafnaði bótaskyldu með tölvupósti, dags. 18. október 2021, á grundvelli þess að talið væri að slys M mætti rekja til ökutækis og slíkt tjón væri undanskilið í fjölskyldutryggingu hennar. Gerði M þá kröfu um bætur frá V sem hafnaði kröfu hennar með tölvupósti, dags. 7. mars 2022, á grundvelli þess að ekki hafi verið um að ræða ákomu milli bifreiðar og tjónþola. M fellir sig ekki við þau málalok og telur að sýnt sé fram á að M hafi hlotið líkamstjón af völdum óþekkts ökutækis. Þá sé það ekki skilyrði bótaskyldu að um snertingu milli ökutækis og tjónþola hafi verið að ræða heldur þurfi aðeins að mega rekja tjónið til notkunar hins óþekkta ökutækis. Sé bótaskylda þar af leiðandi fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar er tekið fram að tjón M hafi aðeins verið tilkynnt lögreglu með rafrænum hætti og ekki hafi verið um að ræða skýrslutöku fyrir lögreglu. Engin vitni virðist hafa verið að atvikinu og engin leit hafi verið gerð að hinu óþekkta ökutæki. Enga nákvæma lýsingu sé að finna á staðháttum, t.a.m. hvar umrædd mól hafi verið eða um hvernig aksturslagi M hafi verið háttað. Að sama skapi liggja ekki fyrir hvort ökumaður hinnar óþekktu bifreiðar hafi sýnt af sér aðgæsluleysi. Engin ákoma hafi verið milli M og bifreiðarinnar. Einhliða lýsingar M á atvikum feli ekki í sér fullnægjandi sönnun og sé bótaskylda ekki fyrir hendi. Máli sínu til stuðnings vísar V og til fordæma nefndarinnar í málum þar sem ökumönnum reiðhjóla hafi fipast við það að bifreið sé ekið nálægt þeim.

Í viðbótarathugasemdum M er því sérstaklega hafnað að tilgreind fordæmi séu sambærileg við slys M. M hafi þá verið stöðug í framburði sínum. Þá kemur fram að umrædd mól hafi verið sandur sem safnast hefði fyrir á götunni eftir hálku vetrarins. M hafi staðnæmst við gatnamótin og ekki hjólað af stað fyrir en hún hafi verið þess viss að hin óþekkta bifreið mundi stöðva. Hafi ökumaður gefið það til kynna að svo væri og hafi hann því sýnt af sér aðgæsluleysi með því að taka skyndilega af stað eftir að M fór af stað yfir götuna. Þá fylgir viðbótarathugasemdum M ljósmynd af umræddum gatnamótum.

Álit.

Mögulegur bótaréttur M vegna líkamstjóns byggir á 1. mgr. 15. gr. laga um ökutækjetryggingar nr. 30/2019 en samkvæmt henni skal tjónsuppgjörsmiðstöð, þ.e. V, greiða tjónþola bætur fyrir líkamsáverka eða missi framfæranda vegna slyss hér á landi ef ætla má að tjónið hafi hlotist af notkun óþekkts ökutækis. Í ákvæðinu er hvergi fjallað um snertingu ökutækis og þess sem verður fyrir líkamstjóni heldur verður að líta til þess hvort ætla megi að líkamstjónið hafi „hlotist af notkun óþekkts

ökutækis“. Það orðalag verður ekki túlkað svo þröngt að snerting þurfi að hafa átt sér stað. M tilkynnti strax um tjón sitt til lögreglu og hefur, í tilkynningu sinni til lögreglu, váttryggingafélags og við komu á heilsugæslu verið stöðug í framburði sínum varðandi atvik málsins. Þá verður að telja að frásögn hennar lýsi orsakasamhengi milli notkunar umræddrar bifreiðar og þess tjóns sem hún varð fyrir. Í þeim fordæmum nefndarinnar sem V vísar til í bréfi sínu eru ofangreind skilyrði almennt ekki uppfyllt. Verður því samkvæmt framansögðu að telja að ætla megir að tjón hennar hafi hlotist af notkun óþekkts ökutækis. Breytir það ekki þeirri afstöðu þó ákveðins misræmis gæti í málsgögnum varðandi það hvort umrætt atvik hafi átt sér stað síðla kvölds 6. apríl 2021 eða daginn eftir. Á M því, samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laga um ökutækjatrýggingar, rétt á bótum vegna líkamstjóns og munatjóns sem rekja má til atviksins, sbr. lokamálslið sama ákvæðis.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta frá V.

Reykjavík, 4. október 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir